

# Sjálfsmatsáætlun

## Menntaskólans í Reykjavík

### 2012 - 2013

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	1
1.1	Stefnuskrá, markmið og leiðir .....	1
2.	Sjálfsmat .....	3
2.1	Sjálfsmatsáætlun 2011-2012 .....	4
2.1.1	Samantekt jólaprófa .....	4
2.1.2	Viðhorfskönnun forráðamanna .....	4
2.1.3	Kennslukönnun .....	4
2.1.4	Starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf .....	5
2.1.5	Lesblindir nemendur, samræmdar aðgerðir kennara ..	5
2.1.6	Starfendarannsóknir .....	5
2.1.7	Starfsáætlun, skólareglur .....	5
2.1.8	Viðmót og menning skóla .....	5
2.1.9	Aðbúnaður .....	6
2.2	Sjálfsmatsáætlun næstu skólaára .....	6
2.2.1	Tímaáætlun um viðfangsefni innra mats .....	7
3.	Lokaorð .....	8

## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr.92/2008, 41.gr. ber hverjum framhaldsskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólstarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þar er bæði átt við stjórnun, kennslu og aðra þjónustu innan skólans sem og ytri tengsl við önnur skólástig og nærsamfélagið. Farið skal yfir alla þætti skólstarfsins á ákveðnu árabili og gerð umbótaáætlun sem komið verði í framkvæmd.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er gæðanefnd skipuð rektor, konrektor og kennslustjóra sem ásamt gæðastjóra skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn er bóknámsskóli og því er lögð áhersla á að nemendur séu hæfir til að takast á við háskólanám hvort heldur er innanlands eða erlendis að loknu stúdentsprófi.

Skólinn birtir á heimasíðu sinni allar upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

### 1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum félagslegt uppeldi og stuðla að alhliða þroska þeirra svo að þeir séu sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að efla gagnrýna hugsun og frumkvæði ásamt ábyrgðarkennd, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn leitast við að efla sjálfstraust nemendanna með því að gera þeim ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun og símenntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem nýjasta tækni á tölvusviðinu býður upp á, svo sem gagnabanka, nettengingar, samstarf o.fl.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og

samfélagi; sömuleiðis að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi styður skólinn við alhliða félagsþroska nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi. Í fjölbreyttu félagsstarfi fá nemendur tækifæri til þess að uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við mennamálaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut.

Skólinn hefur kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og tekið virkan þátt í því verkefni að sporna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð stöðtíma þar sem nemendum standa til boða aukatímar í þeim námsgreinum þar sem flestir þurfa aðstoð. Þetta framtak hefur tekist afar vel og teljast brottfallsnemendur skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar en í meðfylgjandi töflu kemur fram hversu mjög námsframvinda nemenda skólans hefur batnað á undanförunum árum:

Haust	Innritun	Fjöldi í vorpróf	Fall á prófum	%	Hætta í MR eða falla á árinu	%
1999	830	773	61	7,90%	118	14,20%
2000	749	727	80	11,00%	102	13,60%
2001	747	712	62	8,70%	97	13,00%
2002	779	757	88	11,60%	110	14,10%
2003	814	785	47	6,00%	76	9,30%
2004	840	826	53	6,40%	67	8,00%
2005	850	825	23	2,80%	48	5,60%
2006	865	852	65	7,60%	78	9,00%
2007	877	861	45	5,20%	61	7,00%
2008	853	845	41	4,90%	49	5,70%
2009	908	891	41	4,60%	58	6,40%
2010	876	863	47	5,40%	60	6,85%
2011	894	863	47	5,40%	78	8,72
2012	919					

Í upphafi skólaárs 2012-13 voru innritaðir nemendur 919, þar af voru 171 eða 18% á málabraut og 748 eða 82% á náttúrufræðibraut. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár. Kynjaskipting er stúlkunum í vil en við skólann voru 53% nemenda stúlkur og 47% piltar. Í vor voru 172 stúdentar brautskráðir frá skólanum.

Skólaárið 2012-13 eru starfsmenn skólans 93, þar af 77 kennarar, 3 yfirstjórnendur (þeir sinntu einnig kennslu), 1 skrifstofustjóri, 2 námsráðgjafar, 1 bókasafnsfræðingur, 2 á skrifstofu, 1 umsjónarmaður fasteigna, 1 með umsjón viðhalds, 1 með umsjón mötuneytis, 1 hjúkrunarfræðingur og 3 með sérverkefni (umsjón með heimasíðu, umsjón með námskerfi og ritstjórn með skólaskýrslu og námskrá). Kynjaskipting er nokkuð jöfn í kennarahópnum, 41 kona og 36 karlar.

Menntunarstig kennara er hátt en 6 þeirra eru með doktorspróf og 34 eru með meistarapróf. Allir kennarar eru með kennsluréttindi nema nokkrir þeirra sem kenna 6 tíma eða færri og venjulega þá val.

## 2. Sjálfsmat

Innra mat Menntaskólans í Reykjavík er lögboðið mat og markmið þess er einkum að bæta skólastarfið, auka vellíðan nemenda og starfsfólks í skólanum og gera hagsmunaaðilum skólastarfið sýnilegra. Sjálfsmat skólans er í stöðugri þróun en ákveðnir matsþættir fara fram árlega. Þar má nefna námsárangur á jólaþrófum og kennslukönnun þar sem leitast er við að skoða sem flesta þætti kennslu svo sem kennsluhætti, starfsþróun og fagmennsku auk annarrar þjónustu skólans. Nú verður í þriðja sinn lögð könnun fyrir forráðamanna nýnema og í annað sinn fyrir forráðamenn 4. bekinga. Könnun þessi hefur farið fram rafrænt með aðstoð forritsins „Question pro“. Starfendarannsóknir hafa einnig farið reglulega fram á síðustu árum og umbætur verið gerðar þar sem hægt hefur verið að gera kennsluna markvissari og komið hefur við til móts við óskir meirihluta nemenda. Á haustmisseri 2012-13 verða fagstjórar allra deilda kallaðir á fund með gæðastjóra þar sem undirbúnar verða starfendarannsóknir vetrarins.

Gæðastarfið skólans verður stöðugt umfangsmeira og með nýrri námskrá er tekið tillit til sífellt fleiri þátta og nýjar rannsóknir líta dagsins ljós. Á þessu skólaári verður t.d. meginleg og eigindleg rannsókn gerð á líðan starfsfólksins, þörfum þeirra, starfsanda og samstarfi innan deilda en að sama skapi verður skoðað þverfaglegt samstarf kennara. Auk þess verður könnuð líðan nemenda í skólanum og aðbúnaður sem snýr að nemendum annars vegar og hins vegar að starfsfólki skólans. Loks má nefna rannsókn sem gerð verður um viðmót og menningu tengt Menntaskólanum í Reykjavík.

Við allar þessar rannsóknir verður lögð áhersla á að starfið sé skipulagt og faglegt með það að markmiði að niðurstöður skili sér í umbótum til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigandi.

### 2.1 Sjálfsmatsáætlun 2012-2013

#### 2.1.1 Samantekt jólaþrófa

Á hverju ári eru niðurstöður jólaþrófa teknar saman og námsárangur metinn og síðan kynntur á kennarafundi í lok haustmisseris. Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera

saman bekkir í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Niðurstöður jólaþróa eru svo teknar fyrir í einstaklingsviðtölum umsjónarkennara við umsjónarnemendur sína og sjónum ekki síst beint að þeim sem hefur gengið illa og þeim bent á leiðir til úrbóta.

### **2.1.2 Viðhorfskönnun forráðamanna**

Undanfarin tvö ár hefur viðhorfskönnun forráðamanna nýnema skólans verið gerð rafrænt. Á síðastliðnu vormisseri var jafnframt gerð ný könnun hjá sama foreldrahópi ári síðar. Nú í vetur verður þessu fylgt eftir og gerð viðhorfskönnun meðal forráðamanna nýnema 2012-2013 en jafnframt viðhorfskönnun meðal forráðamanna 4. bekkinga. Er þetta gert til að fá samanburð tveggja árganga í senn. Þessi könnun er liður í auknu samstarfi heimila og skóla.

Á undanförunum árum hefur samstarf heimilis og skóla verið eflt til muna. Þar má t.d. nefna kynningarfund fyrir aðstandendur í byrjun hvers skólaárs. Hann er haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur með kynningu frá stjórn skólans og forsvarsmönnum skólafélaganna og kynningu umsjónarkennara á náminu og reglum skólans sem fer fram í heimastofu nemenda. Loks má nefna þátt námsráðgjafa og hjúkrunarfræðings í samstarfi heimila og skólans, forvarnarfulltrúa og félagsmálafulltrúa sem taka munu höndum saman með heimilunum til að gera nemendur sem hæfasta til að stunda námið og að efla sjálfstraup þeirra og vellíðan.

### **2.1.3 Kennslukönnun**

Kennslukönnunin verður gerð á meðal allra nemenda. Könnunin er tvíþætt. Í I. hluta hennar, Viðhorfskönnun svara nemendur spurningum um kennslu, kennsluhætti, agamál, skráningum kennara á Námsnetið og þess háttar fyrir hverja námsgrein sem þeir eru í. II. hluti hennar vísar að öðru en því sem beinlínis viðkemur kennslu og kennsluháttum. Að þessu sinni verður endurtekin könnun frá síðasta ári sem við nefndum „Nám og líðan nemenda í MR“, þar sem svörun var of fámenn til að vera marktæk. Auk þess verður bætt við spurningum um aðbúnað nemenda í MR.

Spurningar kennslukönnunarinnar eru endurskoðaðar á hverju ári með það að markmiði að gera þær þannig úr garði að svörin verði sem marktækust og að auðvelt sé að greina niðurstöður könnunarinnar. Jafnframt er þess gætt að skólanámskrá sé ætíð höfð að leiðarljósi.

Síðastliðin tvö ár hefur nemendum verið falið að svara kennslukönnun utan skólatíma. Svörun hefur ekki verið eins góð og áður var. Því verður horfið til þess að setja könnunina upp hér í skólanum og nemendum gert að svara henni á kennslutíma í þeirri von að svörun verði sem fjölmennust og þar með fyllilega marktæk.

Þegar niðurstöður kennslukönnunarinnar liggja fyrir tekur rektor viðtöl við alla nýja kennara og aðra kennara eftir þörfum. Almenni hluti kennslukönnunarinnar er greindur og reynt er að bregðast við ef í ljós kemur að þeim þætti starfsins sem skoðaður var er ábótavant.

#### **2.1.4 Starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf**

Ráðgert er að hefja nýja könnun á líðan starfsfólks Menntaskólans í Reykjavík. Könnunin mun taka á starfsanda innan skólans og samstarfi milli deilda. Ráðgert er að könnunin verði bæði eigindleg og meginleg. Sett verður á laggirnar matsteymi sem mun semja matsspurningar er lagðar verða fyrir allt starfsfólkið skriflega en síðan nokkrir aðilar teknir í viðtöl til að freista þess að fá ítarlegri svör við völdum spurningum. Matsteymið mun jafnframt ákveða viðmið. Gæðanefndin mun síðan greina gögnin og umbótaáætlun verður hrint í framkvæmd.

#### **2.1.5 Lesblindir nemendur - samræmdar aðgerðir kennara**

Í september var fyrirlestur með kynningu á starfi fyrir lesblinda nemendur í Ármúlaskóla. Í framhaldinu verður gerð rannsókn á lesblindu í Menntaskólanum í Reykjavík. Áætlað er að samræma aðgerðir kennara meira en verið hefur að því er varðar próf lesblindra nemenda.

#### **2.1.6 Starfendarannsóknir**

Haldið verður áfram því starfi sem verið hefur á undanförunum árum í formi starfendarannsókna. Fagstjórar deilda verða beðnir að leiða það starf í sínum deildum. Rannsóknir þessar verði meginlegar en fylgt eftir með eigindlegum rannsóknum þar sem talað verður við nokkra nemendur úr þeim hópum sem taka þátt, til að fá dýpri skilning og staðfestingu á niðurstöðum rannsókna. Loks verða gerðar áætlanir um umbætur á þeim þáttum þar sem því verður komið við.

#### **2.1.7 Starfsáætlun, skólareglur**

Á hverjum vetri er farið yfir skipulag og reglur skólans. Ef talið er að hægt sé að breyta reglunum til hins betra er tillaga þess efnis borin upp á starfsmannafundi og sé hún samþykkt er reglunum breytt í framhaldinu.

#### **2.1.8 Viðmót og menning skóla**

Á haustmisseri 2012 mun rektor Menntaskólans í Reykjavík boða námsráðgjafa í grunnskólum Stór-Reykjavíkursvæðisins til kynningarfundar í MR. Þar verður kynnt viðamikið móttökunet og stoðkerfi það sem til staðar er fyrir alla þá sem hefja nám í MR.

Í skólanum eru kenndar valgreinar eins og listasaga, myndlist og leikhúslíf. Talsvert er farið með nemendur í leikhús og óperu. Sjálfir setja nemendur upp leikverk í Herranótt. Farið er með nemendur í utanlandsferðir og er ein ferð ráðgerð til Rómar í vetur. Mikil áhersla er lögð á kennslu ólíkra tungumála sem lið í að opna þeim hinn alþjóðlega og fjölskrúðuga menningarheim. Tekin verður saman skýrsla um þá fjölmörgu menningarlegu viðburði sem fram fara í og utan skólans fyrir nemendur MR á hverju skólaári.

#### **2.1.9 Aðbúnaður**

Matsteymi mun taka saman skýrslu um allan aðbúnað í skólanum, annars vegar það sem snýr að nemendum hvað varðar t.d. íþróttaaðstöðu þeirra, lestrarsal, tölvuaðstöðu, hátíðarsal og fleira en hins vegar gagnvart starfsfólki skólans.

## 2.2 Sjálfsmatsáætlun næstu skólaára

Í kafla 2.2.1 hér fyrir neðan er birt tímaáætlun um viðfangsefni innra mats Menntaskólans í Reykjavík á næstu fimm árum. Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík hefur fest sig í sessi með hefðbundnum verkefnum á sviði gæðamats.

Við sjálfsmat verður ný námsskrá jafnan höfð til hliðsjónar sem kemur meðal annars fram í könnun um líðan nemenda í skólanum og aðbúnað þeirra. Þar er einnig spurt um líðan nemenda og sjálfstraust, um félagsfærni þeirra en einnig um frumkvæði og gagnrýna hugsun. Auk hefðbundinna rannsókna við gæðamatið verður leitað nýrra leiða til að bæta skólastarfið og í vetur er ráðgert að rannsaka líðan starfsmanna og samstarf þvert á deildir og greinar. Aðbúnaður starfsfólks og nemenda verður skoðaður svo og viðmót og menning sem ávallt hefur skipað stóran sess í starfi skólans.

Haustið 2012 munu því ýmsar rannsóknir fara af stað. Mikilvægt er að setja upp viðmið áður en haldið er af stað og fylgja könnunum eftir með umbótum þar sem starfið gæti farið betur. Flestar þessara rannsókna ná til lengri tíma en eins árs til að fá samanburð milli ára.

Skólaárið 2011-2012 var tekin saman ný starfsmannahandbók sem var dreift milli starfsmanna skólans. Ráðgert er að endurskoða hbókina annað hvert ár hið minnsta. Ýmsar hugmyndir eru uppi um stækkun handbókarinnar og ráðgert að kafla um lesblinda nemendur og samræmdar aðgerðir kennara í því tilliti bætist við handbókina hið fyrsta.

### 2.2.1 Tímaáætlun um viðfangsefni innra mats

Neðangreint er tímaáætlun Menntaskólans í Reykjavík um helstu viðfangsefni innra mats á næstu fimm árum eða árin 2012 - 2017:

Viðfangsefni sjálfsmats	2012-2013	2013-2014	2014-2015	2015-2016	2016-2017
Skólanámsskrá - s.s. stefna, markmið, inntak náms og námsmat				X	
Starfsáætlun s.s. skipulag, verkferlar,		X			X

skólareglur og stoðþjónusta					
Nám og námsárangur	X	X	X	X	X
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf					X
Kennsla - kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska	X	X	X	X	X
Starfsfólk - líðan, þarfir, starfsandi, samstarf	X		X		
Stjórnun		X		X	
Viðmót og menning skóla	X		X		
Aðbúnaður	X			X	
Samstarf heimila og skóla	X		X		X
Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið		X			
Umbótaaðgerðir/þróunarstarf	X	X	X	X	X
Ráðstöfun auðlinda		X			

### 3. Lokaorð

Lögum samkvæmt ber framhaldsskólum að skipuleggja rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum þess. Sjálfsmatið sem er formlegt og altækt hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík og er litið til þess að allir kímur skólastarfsins verði rannsakaðir með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi MR verði sem heilladrýgstur fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans. Sjálfsmatið er haft í ákveðnu ferli þar sem mynduð eru starfsteymi sem setja fram matsspurningar og ákveða viðmið. Loks eftir greiningu gagna er umbótaáætlun gerð og hrundið í framkvæmd. Er það ósk gæðanefndar að sem flestir starfsmenn sjái sér hag í því að taka drjúgan þátt í gæðamatinu, t.d. með starfendarannsóknum. Í sjálfsmatinu eru tækifæri til að bæta eigið starf og árangur nemenda í samræmi við skólanámskrá Menntaskólans í Reykjavík öllum til hagsbóta.

